

2
3. mars

KONUNGLEG AUGLÝSING

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórninni.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 7. f. m. samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum,

hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gefið á Amalíuborg, 3. mars 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.